

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	13.6.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702972609	Flokkur	ÁI
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsen	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirliti, frávikið kemur fram í kafla 4.1 í skýrslu yfir umhverfisvöktun iönaðarsvæðisins á Grundartanga þar sem sólarhringsmeðalstyrkur SO2 mældist að Kríuvörðu 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum, en leyfilegt er að yfirstiga þau mörk samtals sjö sinnum árlega.

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu. Olíuafgreiðsla er ekki með starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins lið fyrir lið. Tilkynningar og skýrslur eru allar sendar á þá aðila sem fram koma í lið 1.3. Varðandi gr. 1.9 þar sem fram kemur að fyrirtækið skuli á tveggja ára fresti halda kynningarfund um umhverfismál álvæsins þá er þessi fundur haldinn árlega saman með samráðsfundi sem fram kemur í gr. 3.8.

Í eftirliti 11. nóvember 2009 var gerð athugasemd við gafla rafgreiningarkera þar sem mjög margir af þeim bognuðu út frá miðju þannig að gap myndaðist út við endaþekjur. Mikið átaksverkefni var sett í gang eftir athugaemdir eftirlitsaðila og fenginn verktaki til að lagfæra gaflana og 220 ker lögðuð í fyrsta áfanga og síðan hefur þetta verkefni alltaf verið í gangi þar sem oft kemur fyrir að endaskaut slást í gafla og beygir þá. Einnig hefur ástand þekja á kerin tekið miklum framförum. Sjá gr. 2.1.2 í starfsleyfi.

Í gr. 2.1.4 segir að skrá skuli meðalopnum kera yfir sólarhring að minnsta hvorti ársfjórðungslega. Þetta er gert annan hvern dag.

Allt eldsneyti sem Norðurál notar er keypt á íslenskum markaði þannig að ákvæðum í gr. 2.1.8 er þannig fullnægt.

Lögð var fram á fundinum skýrsla yfir innihald brennisteins í rafskautum (gr. 2.1.9) og mun sú skýrsla fylgja ársfjórðungsskýrsu síðasta ársfjórðungs framvegis.

Lagðar voru fram kvittanir og yfirlit fyrir uppdælingu á þeim efnum sem fram koma í gr. 2.2.2 og 2.2.4 í starfsleyfi. Í samræmi við gr. 2.3.1 lögðu rekstraraðilar fram kvittanir og yfirlitsskjjal varðandi úrgang eins og fram kemur í greininni.

Í samræmi við gr. 2.3.3 flokka starfsmenn Norðuráls allan framleiðsluúrgang á þeirra starfsstöðum og síðan sér Hringrás um að fjarlægja úrganginn og það sama á við í gr. 2.3.4.

Rekstraraðili tilkynnir alltaf hvers konar bilun eða stöðun í þurrhreinsibúnaði fyrir kergas sem varir lengur en 1 klst. innan settra tímamarka eins og krafist er í gr. 4.3. í starfsleyfi.

Farið var yfir græna bókhaldið og beðið um skýringar á nokkrum atriðum þar eins og í yfirliti yfir notkun efna sem flokkuð eru sem eiturefni og hættuleg efni 2007 – 2011 þar sem fram kemur að notkun þjóppusalla hafi minnkað um tæpan helming frá 2010 til 2011 og engin notkun á krýolíti frá 2007. Útskýringin á minni notkun þjóppusalla var sú að óvenju mörg ker voru endurnýjuð árið 2010 miðað við önnur ár þar sem þau voru komin á líftíma og þrátt fyrir minni notkun á milli 2010 og 2011 var samt töluvert um endurnýjun árið 2011 miðað við árin á undan 2010. Ástæðan fyrir því að ekkert krýolít hefur verið notað síðan 2007 er sú að nóg baðefni hefur verið til síðan uppkeyrsla nýrra kera var árið 2007.

Eftirlitsaðili vildi fá skýringu á af hverju sólarhringsmeðalstyrkur á SO₂ mældist 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum að Kríuvörðu árið 2011, en leyfilegt er að yfirstiga þau mörk samtals sjö sinnum

árlega. Norðurál hefur fengið fyrirtækið Vatnaskil til að gera greiningu á þessu og er niðurstaðna að vænta í haust.

Eftir fundinn var farið í kerskála og steypuskála. Í kerskála voru þekjur kera og gaflar sérstaklega til skoðunar ásamt almennri umgengni. Verulegar framfarir hafa orðið í kerskálum, gaflar og þekjur í góðu ástandi og almennt hreinlæti hefur batnað verulega.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.4 í starfsleyfi.	Sólarhringsmeðalstyrkur SO ₂ mældist að Kríuvörðu 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum, en leyfilegt er að yfirstíga þau mörkk samtals sjö sinnum árlega skv. reglugerð 251/2002.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að olíuafgreiðsla fyrirtækisins er ekki með starfsleyfi.

Reykjavík, 20.12.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.